

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um
breytta framfærslu námsmanna erlendis.

Frá Svandísi Svavarsdóttur.

1. Liggur fyrir lögfræðilegt mat á lögmati þess að breyta framfærslu námsmanna erlendis eins og kynnt hefur verið af Lánasjóði íslenskra námsmanna? Ef svo er, hver er lagalegur rökstuðningur breytingarinnar?
2. Hver er skilningur ráðherra á 3. mgr. 3. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna þar sem segir: „Stjórn sjóðsins setur nánari úthlutunarreglur um útfærslu á lögum þessum, þ.m.t. fjárhæð og úthlutun námslána, sem og ákvæði um kröfur um lágmarksnámsframvindu. Reglurnar skulu lagðar fram til kynningar og staðfestar af ráðherra eigi síðar en 1. apríl ár hvert.“?
3. Hvaða áhrif hafði álit umboðsmanns Alþingis nr. 6109/2010 á ákvörðunina en þar er að finna mjög skýr tilmæli til mennta- og menningarmálaráðherra og Lánasjóðs íslenskra námsmanna um að tryggja námsmönnum fullnægjandi ráðrúm til þess að bregðast við breytingum á úthlutunarreglum?
4. Hafði ráðuneytið dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli námsmannahreyfinganna gegn LÍN og mennta- og menningarmálaráðherra frá sumrinu 2013 til hliðsjónar við ákvörðun um breytingu á framfærslu námsmanna erlendis?

Skriflegt svar óskast.